

Nr. 17.

3.
október.

Lög

um

aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Samkvæmt stjórnarskipunarlögum, dagsettum í dag, um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, skal stofna stjórnarráð fyrir Ísland í Reykjavík, og skipa í það landritara og 3 skrifstofustjóra, og veitir konungur þau embætti.

2. gr.

Ráðherra Íslands skal hafa að launum 8000 kr. á ári, og skal honum auk þess látinn í tje embættisbústaður og 2000 kr. á ári til risnu. Þangað til ráðherrann fær embættisbústaðinn til afnota, skal honum veitt 2000 kr. uppbót fyrir hann á ári.

Kostnaður við embættisferðir ráðherrans til Kaupmannahafnar og dvöl hans þar greiðist af landssjóði.

3. gr.

Eptirlaun ráðherra skulu ákveðin samkvæmt hinum almennu eptirlaunalögum. Konungi skal þó heimilt að ákveða ráðherranum allt að 3000 króna eptirlaun, ef honum ber minna samkvæmt eptirlaunalögum.

4. gr.

Landritari hefur 6000 kr., og hver skrifstofustjóra 3500 kr., í laun á ári. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar má verja 14,500 kr. á ári.

5. gr.

Til að breyta hinum núverandi landshöfðingjubústað í stjórnarráðskrifstofur og búa þær út má verja 11,000 kr.

Nr. 17. Lög 3. október um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

LOV

om

Nr.17.
3die
Oktober.

Omordning af Islands øverste Forvaltning.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Overensstemmende med Forfatningslov af Dags Dato om Forandring i Forfatningslov for Islands særlige Anliggender af 5te Januar 1874 oprettes der et Ministerium for Island i Reykjavik, hvori ansættes en Landssekretær og 3 Kontorchefer, som udnævnes af Kongen.

§ 2.

Ministeren for Island lønnes med 8000 Kr. aarlig, hvorhos der tillægges ham Embedsbolig og 2000 Kr. aarlig til Repræsentation. Saa længe til denne Embedsbolig kan tages i Brug, oppebærer Ministeren som Erstatning herfor 2000 Kr. aarlig.

Udgifterne ved Ministerens Embedsrejser til Kjøbenhavn og hans Ophold sammesteds afholdes af Landskassen.

§ 3.

Ministerens Pension bestemmes efter den almindelige Pensionslovs Regler. Dog forbeholdes der Kongen Ret til at fastsætte Pensionen til et Beløb af indtil 3,000 Kr., saafremt der efter Pensionsloven vilde tilkomme ham mindre i Pension.

§ 4.

Landssekretæren lønnes med 6000 Kr., og hver af Kontorcheferne med 3500 Kr. aarlig.

Til Medhjælp og Kontorudgifter bevilges 14,500 Kr. aarlig.

§ 5.

Til den nuværende Landshøvdingboligs Omdannelse til Kontorbygning for Ministeriet og Montering af samme bevilges 11,000 Kr.

Nr. 17. Lov af 3die Oktober om Omordning af Islands øverste Forvaltning.

Nr. 17.

6. gr.

3. Landshöfðingjaembættið, landshöfðingjaritaraembættið og hin umboðslega endur-
október. skoðunarsýslan skulu lögð niður.

Frá 1. október 1904 skulu amtmannaembættin bæði lögð niður, og stiptsyfir-
völdin jafnframt afnumin.

Landfógetaembættið skal lagt niður, þegar embættið losnar. Til að gegna
störfum þessa embættis má þá verja allt að 2500 kr. á ári, og skal með konunglegri
tilskipun ákveða, hvernig þeim skuli gegnt.

A sama hátt skal fyrir skipa, hver störf amtmanna og stiptsyfirvalda skuli
fengin stjórnarráðinu fyrir Ísland í hendur, og hverjum önnur störf þeirra skuli falin.
Þeim mönnum, er forsetastöðurnar í hinum 4 amtsráðum landsins verða fengnar í
hendur, skal greiða af jafnaðarsjóði þóknun fyrir skrifstofukostnað, að upphæð 300 kr.
Þó mega amtsráðin hækka upphæð þessa.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 3. október 1903.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Alberti.

§ 6.

Embederne som Landshøvding og som Sekretær ved Landshøvdingembedet samt Posten som administrativ Revisor nedlægges. ^{3die} Oktober.

Fra 1ste Oktober 1904 nedlægges begge Amtmandsemployer, og samtidig ophæves Stiftsøvrigheden.

Ved indtrædende Embedsledighed nedlægges Embedet som Landfoged. Til Besørgelse af de til dette Embede nu henlagte Forretninger bevilges fra samme Tidspunkt et Beløb af indtil 2500 Kr. aarlig, og bliver det ved kongelig Anordning at bestemme, hvorledes Besørgelsen skal ske.

Paa samme Maade bestemmes det, hvilke af Amtmændenes og Stiftsøvrighedens Forretninger der skulle overgaa til Ministeriet for Island, og til hvem de øvrige ville være at henlægge. Til Kontorholdsvederlag for de Mænd, til hvem Stillingerne som Formænd for Landets 4 Amtsraad overdrages, udredes af Repartitionsfonden et Beløb af 300 Kr., hvilket Beløb dog kan forhøjes af Amtsraadene.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 3die Oktober 1903.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

Alberti.

Ministeriet for Island, den 3die Oktober 1903.

Alberti.

Ólafur Halldórsson.